

**Stuðningsyfirlýsing stjórnar LHÍ við:  
Þingsályktunartillögu um húsnæði Listaháskóla Íslands  
143. mál.**

Í ljósi bágrar húsnæðisstöðu Listaháskóla Íslands lýsir stjórn skólans yfir stuðningi við þingsályktunartillögu um húsnæði Listaháskóla Íslands, sem lýtur að eftirfarandi: “Alþingi ályktar að fela ráðherra mennta- og menningarmála að kveða á um framtíðarhúsnæði Listaháskóla Íslands og leysa þannig til frambúðar þann húsnæðisvanda sem skólinn hefur búið við um langa hríð.”

Flm.: Einar Flm.: Einar Brynjólfsson, Björn Leví Gunnarsson, Smári McCarthy, Halldóra Mogensen, Viktor Orri Valgarðsson, Ari Trausti Guðmundsson, Birgitta Jónsdóttir, Svandís Svavarsdóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Ásta Guðrún Helgadóttir, Gunnar I. Guðmundsson, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Logi Einarsson.

Rök stjórnar LHÍ eru eftirfarandi:

**I Við stofnun LHÍ árið 1999 voru þrjú meginmarkmið höfð að leiðarljósi, að:**

- Leysa brýnan og langvarandi húsnæðisvanda þeirra fagskóla á sviði lista sem sameinuðust undir merkjum LHÍ.
- Tryggja listnámi betri fjárhagslegan grundvöll í þeirri samlegð sem sameining hefði í för með sér.
- Vera frumkvöðlar í uppbyggingu þverfaglegs náms á fræðasvið lista.

Ekkert af þessu hefur náð fram að ganga að því marki sem vonir stóðu til á þeim tæpu 20 árum sem liðin eru, því faglegt húsnæði sameinaðs skóla er bæði forsenda hagræðingar og þverfaglegrar nálgunar í náminu.

Nú er því þvert á móti svo komið að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur lokað nánast öllu rými tónlistardeildar skólans í Sölvhólgötu vegna húsasóttar og óviðunandi aðbúnaðar fyrir nám og kennslu. Sú niðurstaða er í fullu samræmi við skýrslu verkfræðistofunnar Eflu um ástand húsnæðisins, en þeir skoðuðu bygginguna að ósk Fasteigna ríkisins.

Jafnframt er ljóst að Sviðslistadeild skólans eru settar verulegar skorður í húsinu vegna lélegs húskosts og aðkallandi aðgerða við húsnæðið sem ekki verður ráðist í þar sem byggingin er á niðurrifslista.

**II Skólinn er nú með starfsemi í fjórum byggingum vítt og dreift um borgina:**

- Laugarnesi (myndlistardeild og liskennsludeild) - byggt sem kjötvinnsla f. Sláturfélag Suðurlands.
- Sölvhólgötu (tónlistardeild og sviðslistadeild) – byggt sem málmismiðja, 76 ára gamalt.
- Austurstræti (sviðslistadeild) – innréttað fyrir LHÍ árið 2014-15, takmarkaður leigutími.
- Þverholti (hönnunar- og arkitektúrdeild, stoðsvið) – byggt sem prentsmiðja og breytt í íbúðir að hluta, takmarkaður leigutími.

Rösklega 20% af gjöldum LHÍ renna í húsnæði, hærra hlutfall en hjá nokkrum öðrum háskóla hér á landi fyrir húsnæði sem að hluta til er heilsuspillandi en að öðru leyti ekki hannað fyrir

starfsemi Listaháskólans. Umtalsverðan hlut þessara háu gjalda fyrir jafn lélegt húsnæði og raun ber vitni, má rekja til óhagræðis af því að reka Listaháskólann á mörgum stöðum.

### **III Haustið 2008 var loks fyrirhugað að hefja framkvæmdir við nýbyggingu LHÍ við Laugaveg.**

- Þær framkvæmdir voru blásnar af er fjármálakreppan reið yfir sama haust.

### **IV Snemma vors 2013 samþykkti þáverandi ríkisstjórn að meta og bera saman hagkvæmni tveggja kosta til að leysa húsnæðisþörf LHÍ.**

- Endurbyggingu SS hússins í Laugarnesi.
- Uppbyggingu á Sölvhólsstöðum.

Nefnd sem skipuð var af Katrínu Jakobsdóttur, þáverandi menntamálaráðherra, lauk störfum að öðru leyti en því að eftir var að fá óháðan aðila til að reikna út kostnað við uppbyggingu á þessum tveimur stöðum. Illugi Gunnarsson, sem tók við ráðherraembættinu í maí 2013, vildi þó hvorki leiða vinnuna við útreikningana til lykta né kunngerá niðurstöður nefndarinnar. Frekara samtal um húsnæðismálin náðist ekki í hans embættistíð.

### **V Skammtímastefna LHÍ í húsnæðismálum, sem samþykkt var haustið 2013 miðaði að því að:**

- Koma allri starfseminni í faglegt húsnæði sem stenst heilbrigðisvottun. Hefur ekki tekist.
- Að bæta aðgengi að öllu skólastarfinu þannig að hreyfihamlaðir og aðrir fái notið réttar síns um aðgengi og húsnæðið standist þannig lög og reglugerðir. Hefur ekki tekist, en verst er aðgengið í Sölvhólsstötu og Laugarnesi þar sem ekki eru lyftur til að komast á milli hæða.

### **VI Framkvæmdaáætlun um uppbyggingu húsnæðis LHÍ.**

Samningar um leigu á húsnæði í eigu annarra en Fasteigna ríkisins, eru tímabundir og ljóst að þeir verða ekki framlengdir. Húsnæði það sem skólinn leigir af Fasteignum ríkisins er illa fallið til skólastarfsins, auk þess sem húsnæði í Sölvhólsstötu er líkt og áður sagði mjög illa farið. Lyftur eru hvorki í Sölvhólsstötu né Laugarnesi og aðgengi hreyfihamlaðra mjög skert. Skólinn sér fyrir sér að nauðsynlegt sé að bregðast við þessum margþætta vanda hið fyrsta í samstarfi við stjórnvöld með framkvæmdaáætlun sem m.a. fæli í sér:

- Greiningu á húsnæðisþörf skólans með framtíðaruppbyggingu í huga uppbyggingu innviða – tækjakosts, hljóðfæra og annarrar aðstöðu.
- Fjármögnunarleið.
- Tímaás uppbyggingar, sem einnig tæki til forgangsröðunar við að losa hús, sameina bókasafn og aðra stoðþjónustu, þannig að skólastarfið raskist sem minnst. Forgang hefði losun versta hússins, við Sölvhólsstötu, en hún er löngu tímabær enda hugsuð til bráðabirgða fyrir forvera LHÍ.

Virðingarfyllt,  
f.h. Listaháskóla Íslands  
Reykjavík 03.04.2017

**Magnús Ragnarsson, formaður stjórnar.**  
**Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor.**